

## Mýtur og áhrif á umræðu um atvinnuuppbyggingu

### 1. Mýtur og áhrif á umræðu um atvinnuuppbyggingu

Við búum í flóknum heimi og þurfum að taka tillit til margra þátta til að geta tekið upplýsta ákvörðun um hvað okkur finnst og hvert við eigum að stefna. Umræðan um fiskeldi hefur verið mjög kröftug annarsvegar frá þeim sem eru á móti og hins vegar frá þeim sem eru hlyntir fiskeldi. Upphrópanir hafa einkennt umræðuna og almenningur situr eftir og veit ekki í hvorn fótinn hann á að stíga.

Í þessu erindi verður stuðst við niðurstöður úr skýrslu KPMG og viðhorfskönnun Rannsóknarmiðstöðvar háskólans á Akureyri um fiskeldi auk þess sem gripið verður niður í frétt aflutning um fiskeldi og samtöl við hagaðila.

### 2. Íbúapróun og fasteignamat á Vestfjörðum

Eins og sjá má á súluritinu þá hefur orðið fjölgun íbúa á Vestfjörðum síðan 2016 en þegar íbúapróunin er skoðuð út frá landinu öllu stendur fjórðungurinn í stað.

Vestfirðingar eru hlutfallslega eldri en landsmeðaltalið en á sunnanverðum Vestfjörðum er þó vöxtur í aldurshópnum 20-39 ára. Eins og sést á línuritinu þá fjölgar á suður og norðursvæðinu en fækkar á Ströndum og Reykhólum en íbúafjölgun á Vestfjörðum er rakin til fiskeldis.

### 3. Fasteignamat hækkað á Vestfjörðum

Fasteignamat hefur hækkaði á Vestfjörðum um 8,2% milli ára 2020-2021. Í skýrslu KPMG kemur auk þess fram að fermetraverð í einbýli hækkaði um 84% frá 2015-2020 og um 75% í fjölbýli á sama tímabili.

### 4. Viðhorfskönnun RHA 2020

Í viðhorfskönnun RHA var sett fram staðhæfingin ”Tekjur sem fylgja fiskeldi gera sveitarfélögum kleift að halda uppi betri þjónustu við íbúa sína”.

Það sem vekur athygli þarna er að 76% að meðaltali eru frekar eða mjög sammála því að “fiskeldi geri sveitarfélögum kleift að veita betri þjónustu”. Þarna skera sig þó úr viðhorf íbúa á Sunnanverðum Vestfjörðum en þar eru aðeins 63% íbúanna frekar eða mjög sammála á meðan 83% á Ísafirði eru frekar eða mjög sammála.

Þessar niðurstöður vekja þá spurningu hvort þarna sé greinanlegur munur á reynslu og væntingum íbúanna?

### 5. Fiskeldi leiðir af sér sérhæfð og vel launuð störf á atvinnusæðinu

”Fiskeldi leiðir af sér sérhæfð og vel launuð störf á atvinnusæðinu”. Það eru 75% þáttakenda á Vestfjörðum sem eru frekar eða mjög sammála þessari fullyrðingu en þegar aldurshópurinn 31-45 ára er skoðaður sérstaklega sést að þar eru aðeins 63% frekar eða mjög sammála. Þar vekur athygli að sá hópur sem Vestfirðingar vilja höfða til, unga fólkið, sjái ekki tækifæri í sama mæli og aðrir hópar.

## 6. Hafró

Þegar rætt er um sérhæfð störf er gott að skoða Hafrannsóknarstofnun sem dæmi. Í vor störfuðu 158 hjá stofnunni og störfin dreyfast eins og sést á myndinni þannig að 134 starfa í Hafnarfirði, ný starfsstöð hefur verið opnuð á Neskaupstað með 2 starfsmönnum, 6 á Vestfjörðum, 5 í fiskeldinu í Grindavík og 11 starfsmenn annarsstaðar á landinu.

Þetta er á tímum þar sem áhersla ríkisins hefur verið að flytja störf á landsbyggðina, fjölgun starfa hefur ekki átt sér stað á Vestfjörðum hjá Hafró, þrátt fyrir vöxt í nýrri grein sem krefst mikilla rannsókna. Hafrannsóknarstofnun fær árlega um 70% af framlögum úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis.

## 7. Íbúafjöldi

Í skýrslu KPMG frá 2017 kemur fram að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða mat hagræn áhrif fiskeldis þannig að 2,4 íbúar fylgdu hverju starfi. Samkvæmt niðurstöðum nýrrar skýrslu KPMG er stuðullinn talsvert lægri eða 1,8.

Miðað við fulla framleiðslu 51.000 tonn og að 1,8 íbúi fylgi hverju starfi yrðu það 1.850 manns sem byggð afkomu sína beint eða óbeint á fiskeldi á Vestfjörðum.

Það myndi þýða að 20% íbúa á Vestfjörðum hefði á einhvern hátt lifibrauð af fiskeldinu en það er staðan á sunnanverðum Vestfjörðum núna.

## 8. Umhverfisþátturinn

FAO, Fæðu og landbúnaðar stofnun sameinuðu þjóðanna mælir með fiskeldi til að fæða heimsbyggðina. Fiskeldi er talin ein umhverfisvænasta framleiðsla dýrapróteins til manneldis í heiminum. Allar niðurstöður og mælingar á kolefnisspori og vatnsnotkun við matvælaframleiðslu sýna að fiskeldi er skárri kostur við framleiðslu dýrapróteina.

Fiskeldisfyrirtækin eru með vottanir á sinni framleiðslu sem er lykillinn að því að koma vörunum á markað.

*Á sama tíma er uppi háværar raddir um hversu óumhverfisvænt sjókvíaeldið er og að Norðmenn ætli að hætta í sjókvíaeldi. Þegar það er skoðað eru engar heimildir um annað en Norðmenn séu að auka fiskeldi í sjó í opnum kvíum. Hinsvegar hafa þeir mótað þá stefna að leita allra leiða til að auka framleiðsluna með eldi úti á hafi, landeldi, eldi í lokuðum kvíum eða öllum þeim nýju aðferðum sem þróaðar verða og reynast betri en núverandi tækni.*

## 9. Heimsmarkmið sameinuðþjóðanna

Samkvæmt upplýsingum frá íslenskum fyrirtækjum þá uppfyllir fiskeldið 6 þætti af þeim 17 heimsmarkmiðum sem sameinuðþjóðirnar hafa sett sér. Þeir eru:

**2. Ekkert hungur** með því að þróa betri tækni og stuðla að sjálfbærri matvælaframleiðslu.

**3. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.**

**5. Jafnrétti kynjanna** en framleiðsla á laxi skapar störf fyrir öll kyn.

**12. Ábyrg neysla og framleiðsla** en framleiðsla á laxi í sjó er talin ein af sjálbærari leiðum til að framleiða dýraprótein.

**13. Aðgerðir í loftslagsmálum** – stór hluti gróðurhúsaáhrifa í heiminum eru vegna matvælaframleiðslu.

**14. Líf í vötnum** – Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun. Markmiðin eru að minnka umhverfisáhrifin eins og hægt er, nýta aukaafurði koma í veg fyrir mengun svo sem rusl í sjó og mengun af völdum næringarefna.

## 10. Dýravelferð

Samkvæmt samtali við starfsfólk í sjókvíaeldi kemur fram að því finnst oft illa að sér vegið í umræðunni um dýravelferð því þeir séu að ala fiska og vilja gera það á besta mögulega máta.

Það er allra hagur að fiskarnir séu heilbrigðir.

Það er allra hagur að hugsa vel um dýrin sem verið er að rækta.

Það er allra hagur að fiskarnir nái að vaxa.

Við þurfum hinsvegar að verða sammála um hvaða aðferðir uppfylla öll skilyrði um sjálfbærni um leið og við öllum upp heilbrigðan fisk til manneldis.

## 11. The Guardian

Í vor kom grein í The Guardian um að laxeldi á heimsvísu sé að skaða lífríkið í sjónum og kosti okkur í raun billjónir. Að eldið hafi slæm áhrif á lífríki sjávar með mengun, sníkjudýrum og hárrí dánatíðni í eldiskvíum. Viltur fiskur er veiddur til fóðurgerðar og umhverfiskostnaðurinn fellur ekki á þá sem honum valda heldur samfélögin sem eftir sitja með mengað umhverfi.

Fréttir af götum í sjókvíum koma reglulega Samtök veiðileyfishafa hafa barist ötulega gegn sjókvíaeldi en miklar rannsóknir hafa verið gerðar á kynblöndun vegna þeirrar gagnrýni. Þar rekast á hagsmunir vegna sölu veiðileyfa í laxveiðiám landsins undir merkjum hreinnar íslenskrar náttúru og sjókvíaeldi.

Það er mikilvægt að fylgjast vel með og við getum ekki látið eins og þessar raddir séu ekki þarna. Það er ljóst að neikvæð umræða hefur gríðarleg áhrif og okkar eina svar eru rannsóknir, vöktun, gagnsæi og miðlun upplýsinga.

Það væri mikið gæfuspor ef við fyndum jafnvægispunkt og gætum rætt fiskeldið af yfirvegum og byggðum matið á bestu mögulegu vísindarannsóknum hverju sinni í stað þess að tveir hagsmunahópar á sitthvorum pólnum stýrðu umræðunni.

## 12. Kokkalandslíðið

Kokkalandslíðsmálið er gott dæmi um hvernig umfjöllun getur orðið.

Mynd 1: Þann 5. september 2018 er Arnarlax kynnt sem nýr bakhjarl Kokkalandslíðsins og það er haldinn glæsilegur viðburður í Hörpu, þar standa menn stoltir með afurðir sínar og kemur fram að "landslíðið og fagmenn þess munu nota hágæða afurðir úr laxeldi Arnarlax við æfingar og keppni." tilvitnun lýkur.

Það er svo tveimur dögum síðar sem kemur ný frétt í Eyjan.is.

Mynd 2: Kokkalandslíðið riftir samningnum við Arnarlax og bera við vanefndum á greiðslum 1. september. Þá kemur einnig fram í viðtali við Einar Huga Bjarnason lögmann "þá skekkju sem uppi væri, að helstu veitingahús landsins hefðu tekið saman höndum með því að lýsa yfir að þau notuðu einungis lax úr landeldi, en síðan hefði Klúbbur matreiðslumeistara látið "glepjas" af fé Arnarlax."

Úr þessu máli varð mikið fjaðrafok sem endaði með sátt og kemur frétt um það á Vísi 2. nóvember 2018 undir fyrirsögninni "Kokkar biðja Arnarlax afsökunar".

Tilvitnun hefst "Klúbburinn segist jafnframt harma það að Arnarlax hafi orðið fyrir "ósanngjarnri gagnrýni" vegna málsins. "Eldislax er notaður alls staðar um allan heim og er fyrsta flokks vara og sem dæmi er sambærileg vara notuð á heimsmeistaramótinu í matreiðslu í Luxemburg og víðar," segir í tilkynningunni.

Á þessum tveimur dögum þegar allt lék í lyndi hafði starfsfólk fengið svuntur og stendur þarna kampakátt á bryggjunni stolt af sinni framleiðslu. Þetta er ágætis saga um þegar markmiðið er að gera vel en sviftivindar umræðunnar snúa öllu á hvolf og eftir sitja neytendur og botna ekki neitt í neinu og Arnarlax svunturnar vandlega faldar inni í skáp.

## 13. Viðhorf til fiskeldis

Það hafa verið gerðar margar kannanir um viðhorf til fiskeldis og niðurstöður Gallup frá 2018 sýna að Landsmenn voru jákvæðir í 46% tilfella, hvorki né í 24% tilfella og neikvæðir í 30% tilfella.

RHA gerði viðhorfskönnun á Vestfjörðum í nóvember 2020 en þar var spurt "Þegar á heildina er lítið hversu jákvæður eða neikvæður ert þú gagnvart fiskeldi á þínu svæði?" Niðurstaðan er skýr 81% eru mjög eða frekar jákvæðir, 8% hvorki né og 11% mjög eða frekar neikvæðir. Af því má ætla að þegar á heildina er lítið sjá Vestfirðingar tækifæri í fiskeldi.

Maskina gerði könnun á landsvísu fyrir Vísi í september 2021 þar sem spurt var "Ertu hlynt(ur) eða andvíg(ur) laxeldi í sjókvíum við Ísland?" Þar eru allt önnur viðhorf eða 22% mjög eða fremur hlyntur, 30% í meðallagi og 48% mjög eða fremur andvígur.

Það er því ljóst að viðhorfið hefur breyst á þessum þremur árum hjá landsmönnum.

## 14. Hafnabótasjóður og framlög ríkisins vegna atvinnuuppbyggingar

Á Íslandi eru í gildi lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga þar sem ríkið kemur inn með fjármagn vegna atvinnuuppbyggingar. Í töflunni sem þið sjáið hér eru allar tölur miðaðar við verðlag þess tíma er framkvæmdirnar voru en þar má sjá að framlög ríkisins á Reyðarfirði numu 1.580 milljónum króna, framkvæmdir á Bakka 4.019 milljónir króna og í Helguvík 1.577 milljónir króna. Þar sem það hefur verið mikil uppbygging fiskeldis á Vestfjörðum hefur ríkið sett 265 milljónir króna í hafnarframkvæmdir á Bíldudal. .

Það er því ofsögum sagt að fjármgan streymi til uppbyggingar innviða. Reyndar hafa síðastliðin ár verið gerður smá skurkur í vegafaramkvæmdum á Vestfjörðum og einhverjir vilja tengja það við fiskeldið en þá spyrjum við **STÓÐ ÞÁ ALDREI TIL AÐ LAGA VEGI Á VESTFJÖRÐUM?**

## 15. Atvinnugreinin

Atvinnugreinin skapar mjög fjölbreytt störf það er mikilvægt að öll flóra starfa verði til á Íslandi, og skapi þannig tækifæri fyrir fólk að nýta fjölbreytta þekkingu sína. Til að tryggja umhverfisþáttinn þarf að sinna fjölda rannsókna sem nýtast okkur á fleiri sviðum vegna hlýnunnar sjávar eða við þróun nýrra atvinnugreina eins og þörungaráæktar.

Fiskeldið er komið á þann stað hvað varðar tækni og þróun að það stendur mjög framarlega og allir kröfur hafa hækkað hjá fyrirtækjunum. Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í sjókvíaeldi á Íslandi sem er vísbending um að eldið sé komið til að vera en á árinu 2020 voru framleidd yfir 20.000 tonn á Vestfjörðum. Fiskeldisfyrirtækin hafa hinsvegar vaxið og sjókvíaeldi á Íslandi er að verða 5% af vöruútflutningi þjóðarinnar.

Í hugum margra er greinin enn að slíta barnsskónum en á Vestfjörðum er hún líka búin að slíta unglingskónum og er orðin fullorðin atvinnugrein með allri þeirri ábyrgð sem því fylgir.

## 16. Samfélögin

Mikilvægur þáttur í þróun nýrrar greinar til lengri tíma eru sterk samfélög en það hefur komið fram í viðtölum við fjölda aðila bæði sem starfa í greininni og tengjast henni á annan hátt að samfélögin hafi setið eftir.

Til marks um samtöðuna er gott að nefna þegar starfsleyfi fiskeldisfyrirtækjanna voru tekin úr gildi árið 2018 þá lögðust allir á eitt og sveitafélögin börðust með fyrirtækjunum í því máli þar sem þau litu svo á að hagsmunir þeirra færu saman.

Sveitafélögin hafa verið að upplifa sig útundan undanfarið í umræðunni um fiskeldi en það er sjálfsögð krafa að sveitarfélögin sitji við borðið þegar ákvarðanir eru teknar og geti þannig haft áhrif á þróun mála með fyrirtækjunum og ríkinu.

*Hagsmunamál eins og að það verði tvö sláturhús á Vestfjörðum, hvar fóðurverksmiðja ætti að vera á Íslandi, hvar væri seiðaeldi best staðsett, að vinnubátar sem koma að eldinu séu skráðir í*

heimahöfn, að starfsfólk hafi lögheimili í sveitafélaginu, að telkjustofnar sveitafélaganna og úthlutanir úr Umhverfissjóði og fiskeldissjóði eru þættir sem sveitarfélögin eiga að koma að.

## 17. Fiskeldisfundur á Vestfjörðum

Vestfjarðastofa stóð að fiskeldisfundi á Patreksfirði og Ísafirði í september en forsaga málsins er að sveitarfélög á Vestfjörðum sem koma að fiskeldi, skrifuðu undir **Samfélagssáttmála um fiskeld 15. júlí 2021**.

Tilgangur sáttmálans er að standa sameiginlega að hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum á Vestfjörðum með það að markmiði að efla atvinnulíf og mannlíf með heildarhagsmuni Vestfjarða að leiðarljósi.

## 18. Ályktun fjórðungsþings

Ályktun fjórðungsþings Vestfirðinga um fiskeldi endurspeglar áhyggjur varðandi tekjur sveitafélaganna af fiskeldinu.

*Þar stendur "Skýra þarf lagaumhverfið og opnbera gjaldtöku í greinni til að tryggja að þær tekjur sem fiskeldi skapar á Vestfjörðum renni til sveitafélaganna þar sem sjókvíaeldi er stundað til að byggja upp grunninnviði sem svara kröfum samfélaganna og atvinnulífsins."*

Í ályktuninni kemur fram að: **Endurskoða þarf fiskeldissjóðinn** og tryggja að fiskeldisgjaldið renni beint til innviðauppbyggingar þar sem eldið er stundað.

**Endurskoða hafna- vöru og aflagjöldin** svo gjaldtökuheimildir falli betur að þessari nýju atvinnugrein.

**Endurskoða umhverfissjóðinn** til að tryggja að rannsóknir verði eflar og störfum fjölgað við rannsóknir í nærsamfélögum.

**Endurskoða tekjur sveitafélaga vegna eldiskvía og umsvifa í sjókvíaeldi á þeirra heimasvæði.**

**Tryggja uppbyggingu grunninnviða á Vestfjörðum svo svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta þannig að fyrirtæki og samfélög geti dafnað.**

## 19. Að lokum

Það er mikilvægt að við setjum skýrar leikreglur fyrir alla aðila varðandi greiðslur, varðandi leifisveitingar, varðandi umhverfið og varðandi þróun starfa á Vestfjörðum.

Það eru miklir hagsmunir í húfi og margir þættir eru jákvæðir og margir þættir sem verður að laga en brýnast af öllu er að vinna að heildar stefnumótun fyrir fiskeldið á Íslandi með hagsmuni allra að leiðarljósi.